

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 639/1999**frá 25. mars 1999****um að leyfa ný aukefni í fódri**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 45/1999 ⁽²⁾, einkum 9. gr. j og 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að leyfa ný aukefni eða nýja notkun aukefna með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.

Nýtt aukefni í floknum „snefilefni“, nánar tiltekið „kopar (Cu)“, hefur verið prófað með góðum árangri í nokkrum aðildarríkjum. Heimila ber þetta nýja aukefni til bráðabirgða.

Heimilt er að leyfa ný aukefni eða nýja notkun aukefna til bráðabirgða ef efnin, í því magni sem þau eru leyfileg í fódri, hafa hvorki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið né skaða neytendur með því að breyta eiginleikum búfjárafurða, ef unnt er að ganga úr skugga um tilvist þeirra fódri og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að þau hafi hagstæð áhrif á

eiginleika fódursins eða á búfjárframleiðslu þegar þeim er blandað í það.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE ber að heimila efnið „kopar-lýsínsúlfat“, í floknum „snefilefni“, frumefnið E4 „kopar (Cu)“, sem aukefni í fódri í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. apríl 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. mars 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 6, 12. 1. 1999, bls. 3.

VIÐAUKI

EB-nr.	Frumefni	Aukefni	Efnaformúla	Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg heilfóðurs	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
E4	Kopar (Cu)	Kopar-lýsínsúlfat	Cu(C ₆ H ₁₃ N ₂ O ₂) ₂ SO ₄	<p>Eldissvín</p> <ul style="list-style-type: none"> — í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er 175 dýr eða fleiri á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar: — í allt að 16 vikur: 175 (alls) — í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er undir 175 dýr á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar: — í allt að 16 vikur: 175 (alls) 	Hámarks magn kopars úr kopar-lýsínsúlfati má vera í heilfóðri 50 mg/kg.	30.9.1999
				<p>Eldissvín</p> <ul style="list-style-type: none"> — í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er 175 dýr eða fleiri á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar: — frá 17. viku fram til slátrunar: 35 (alls) — í aðildarríkjum þar sem meðalþéttleiki svína er undir 175 dýr á hverja 100 hektara lands sem er nýtt til landbúnaðar: — frá 17. viku fram til sex mánaða: 100 (alls) — yfir sex mánaða fram til slátrunar: 35 (alls) <p>Undaneldissvín: 35 (alls)</p> <p>Aðrar tegundir eða flokkar dýra, að undanskildum kálfum áður en jórtur hefst og sauðfé: 35 (alls)</p>	Hámarks magn kopars úr kopar-lýsínsúlfati má vera í heilfóðri 25 mg/kg.	30.9.1999